



Ársskýrsla
VM 2025

Efnisyfirlit

Pistill formanns	4
Rekstur VM	6
Stjórn og varastjórn.....	8
Starfsfólk	9
Félagsgjöld.....	10
Fjöldi félagsmanna og skipting.....	11
Skipting félagsmanna eftir störfum.....	12
Skipting félagsmanna eftir svæðum	13
Kannanir	15
Orlofssjóður VM.....	16
Fræðslusjóður VM.....	18
Styrtkar- og sjúkrasjóður VM.....	19
Kjarasvið Fagfélaganna	21
Vinnustaðaeftirlit	21
Trúnaðarmenn félagsins	22
Fræðsludagskrá Fagfélaganna	22
Fræðslu- og menntamál VM	24

Iðan fræðslusetur	26
Námskeið fyrir trúnaðarmenn.....	27
Akkur	28
Viðburðadagatal	29
Fagélögin og Kvennaár 2025.....	32
Euroskills	33
Félagslíf	34
1. maí.....	37
Starf VM innan beinnar aðildar og ASÍ	38
Sjómannadagurinn 2025.....	38
Undanþágu- og mönnundarnefndir skipa	40
Úrskurðarnefnd um fiskverð	40
Lífeyrissjóðir félagsmanna VM	41
Erlent samstarf	42
Styrkir til hjálpsamtaka	43
Virk – Starfsendurhæfingarsjóður.....	44
Lykiltölur úr rekstri VM	48

Ávarp formanns

Síðastliðið ár hefur verið nokkuð annasamt. Kjarasamningslota hófst snemma árs 2024 og náði allt fram á lok árs 2025. Við gengum frá síðustu kjarasamningunum í þeirri lotu í desember sl., með samþykktum kjarasamningi við Hafrannsóknastofnun 21. desember síðastliðinn.

Núgildandi kjarasamningar voru gerðir til höfuðs vöxtum og verðbólgu og samið um hóflegar launahækkanir. Verðbólgan fór loksins að gefa eftir á haustmánuðum en sá vermir reyndist skammgóður. Hún hefur aukist á nýjan leik og reynst þrálát.

Fáir spila með

Svo virðist sem enginn þurfi að leggja neitt á sig gagnvart verðbólgu nema launafólk. Þar má nefna síhækkandi arðsemi bankanna, sem högnuðust um tæplega 100 milljarða árið 2025, með tilheyrandi arðgreiðslum. Hagnaður matvöruvísanna hefur sömuleiðis farið hækkandi. Í byrjun þessa árs var tekið upp kílómetragjald á bifreiðar, gegn lækkingu á álögum á jarðefnaeldsneyti. Svo virðist sem olíufélögin hafi nýtt tækifærið til að stækka sína sneið af kókunni. Álögur á bensín og olíu virðast hafa aukist. Þá eru ónefndar ýmsar gjaldskrárhækkanir ríkis og sveitarfélaga.

Enginn þessara aðila virðist hafa tekið ákallið til sín um að halda aftur af verðhækkunum til að stemma stigu við verðbólgunni. Fyrir vikið er óvíst hvort kjarasamningar haldi þegar forsenduákvæði þeirra verða skoðuð í haust. Það er óásættanlegt að eingöngu launafólk axli ábyrgð á verðbólgu í landinu.

ESB

Í lok ágúst er fyrirhuguð þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Skiptar skoðanir eru um þá þjóðaratkvæðagreiðslu. Mikið ber á milli manna þegar rætt er um fiskveiðiaudlindir og orkuinnviði, eftir því hver er spurður. Það er mjög slæmt þegar stjórnámálemenn deila meira að segja um það hvað felst í aðildarviðræðum.

Við eigum að mínu viti að skoða alla möguleika en þurfum auðvitað að tryggja hagsmuni okkar þegar þessir málaflokkar eru annars vegar. Ég geri

sjálfur ekki samninga nema ég viti nákvæmlega hvað í þeim felst.

Orlofsmál

Árið 2025 var að mörgu leyti viðburðarríkt ár hjá VM. Tekin var ákvörðun um breytingar á orlofseignum í Reykjavík. Fagfélögin keyptu sameiginlega orlofsíbúðir á Eirhöfða 7 en aðrar orlofseignir félaganna þriggja á höfuðborgarsvæðinu voru settar í söluferli. Með kaupum á íbúðunum fjölgaði íbúðum VM um tvær frá því sem áður var; þær eru nú níu en voru sjö. Með þessu getur félagið boðið upp á fjölbreyttari valmöguleika þegar kemur að stærð íbúðanna.

Einnig var á árinu ákveðið að stofna félag að fyrirmynd leigufélaganna Bjargs og Blæs. Fagfélögin keyptu samtals tíu íbúðir til að setja í leigufélagið – þar af VM þrjár. Þær eru þegar komnar í langtímaleigu til félagsmanna og leigan er á hagkvæmu verði. Mikil eftirspurn reyndist eftir þessum leiguíbúðum og það er von mín að leigufélag Fagfélaganna muni stækka og eflast.

Þess má geta að þessar ákvarðanir voru teknar af stjórn félagsins og bornar undir fulltrúaráð VM.

Það felst verulegt hagræði í rekstrarkostnaði að hafa allar íbúðirnar undir einu þaki, en þess má geta að stéttarfélögin Afl og Eining-Iðja eiga einnig íbúðir í þessu sama fjölbýlishúsi. Samlegðaráhrif þegar kemur að þrífum, interneti og fleiru eru mjög mikil. Liður í því hagræði var að innvista þrífum. Fagfélögin réðu starfsmenn til að annast þrífina en áður voru þríf á íbúðunum á höndum ólíkra verkta. Með þessu næst verulegt hagræði.

Uppbygging og samnýting

Mikil uppbygging á orlofssvæði félagsins á Laugarvatni hefur haldið áfram. Tvö ný og stór hús voru tekin í notkun í lok árs 2025 í stað eldri húsa sem voru fjarlægð. Um er að ræða glæsilegar eignir sem nýtast munu félagsmönnum næstu ár og áratugi. Einnig var lokið allsherjaryfirhalingu á báðum húsum félagsins í Svignaskarði. Félagið á og rekur samtals 34 orlofshús, ásamt því að reka glæsilegt tjaldstæði á Laugarvatni.



Guðmundur Helgi Þórarinnsson
formaður VM

Á nýju ári ákváðu Fagfélögin að félagsmenn VM, RSÍ og MATVÍS geti nýtt lausa daga í orlofseignum félaganna þvert á félög. Þessi nýbreytni verður vonandi til þess að auka nýtingu orlofseigna enn frekar og efla þjónustuna. Þá má einnig nefna að VM hefur unnið að gerð húsbóka – vandaðra upplýsingabóka um húsin, orlofssvæðin og þjónustu í nágrenni þeirra, svo sem golfvelli, gönguleiðir, akstursfjarlægðir og annað slíkt.

Fræðslumálin efla

Fræðsludagskrá Fagfélaganna var efla til muna á liðnu ári. Fagfélögin héldu lífeyrisnámskeið í samstarfi við fjármálaráðgjafann Björn Berg Gunnarsson. Á þau námskeið er alltaf fullt og eftirspurnin gífurlega mikil. Árið 2025 var þar engin undantekning. Björn Berg kenndi einnig fjármálanámskeið fyrir ungt fólk en vinsældir þess hafa farið vaxandi. Á síðasta námskeiði voru um 70 manns. Þessi námskeið hafa ýmist verið haldin sem staðnámskeið eða fjarnámskeið til að mæta þeim sem ekki búa á höfuðborgarsvæðinu.

Fagfélögin buðu í vetur upp á þá þjónustu að aðstoða félagsmenn við skil skattframtala. Mikil eftirspurn reyndist eftir þessu og á tveimur dögum hjálpuðu starfsmenn Fagfélaganna um 70 þakklátum einstaklingum við skilin. Þetta mæltist afar vel fyrir.

Ónefnd er fræðsla fyrir trúnaðarmenn í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu en Fagfélögin hafa einnig haldið veglega trúnaðarmannaráðstefnu.

Ráðstefnan 2025 var á Selfossi og var haldin í samvinnu Fagfélaganna og FFÍ. Í vetur voru einnig haldnir hádegisfyrirlestrar fyrir trúnaðarmenn.

Þessi aukna fræðsla sem Fagfélögin stóðu fyrir á liðnu ári er skýrt dæmi um þá auknu þjónustu sem Fagfélögin geta haldið úti vegna samvinnu sinnar.

Á milli Fagfélaganna ríkir mikið traust og náin samvinna. Auk þess má nefna að samstarfið við FIT – Félag iðn- og tæknigreina – hefur vaxið til muna undanfarin misseri. Vonandi eigum við eftir að sjá að öll stéttarfélög iðnaðarmanna vinni saman þegar fram líða stundir. Slagkraftur okkar iðnaðarmanna felst í samvinnunni – það er mín bjargfasta trú.

Að endingu

Ég sat í stjórn Vélstjórafélags Íslands í 16 ár og hef átt sæti í stjórn VM frá upphafi, síðustu 20 árin, þar af síðustu átta árin sem formaður. Markmið Félags járnaiðnaðarmanna og Vélstjórafélags Íslands var að búa til stærra og öflugra stéttarfélag og vinna þéttar með öðrum félögum. Ég tel okkur hafa unnið vel að því og er stoltur af þeirri vegferð sem við höfum verið á.

Eins og flestir vita er þetta síðasti aðalfundur minn í þessu hlutverki. Á dagskrá aðalfundarins er að kynna kjör nýs formanns og nýrrar stjórnar félagsins en niðurstaðan hefur þegar verið kynnt á vef félagsins.

Ég vil nota þetta tækifæri og óska nýrri stjórn og nýjum formanni til hamingju með kjörið. Ég treysti þessu ágæta fólki vel til að halda áfram á þeirri góðu vegferð sem VM hefur verið á undanfarin ár. Félagið er á góðum stað og í góðum höndum. Hvað er hægt að biðja um meira?

Að endingu vil ég færa starfsfólki VM og stjórn félagsins síðustu ár og áratugi þakki fyrir góða samvinnu. Ekki síður vil ég þakka félagsmönnum í gegnum tíðina fyrir ánægjuleg samskipti. Það hefur verið mér mikill heiður að fá að sinna þessu hlutverki og njóta þess trausts sem mér hefur verið sýnt.

Guðmundur Helgi Þórarinnsson

Rekstur VM

Efni skýrslunnar er flokkað eftir helstu málefnum og stiklað á stóru í máli og myndum frá síðasta aðalfundi sem haldinn var á 3. apríl 2025 fram að aðalfundi 22. apríl 2026.

Tölulegar upplýsingar eru miðaðar við starfsárið 2025 en efnisatriði eru miðuð við tímann milli aðalfunda, þ.e. apríl 2025 til apríl 2026.



Heildarafkoma félagsins á árinu 2025 var jákvæð um 65,6 millj. kr. samanborið við 41,7 millj. kr. afkomu á árinu 2024. Rekstrarhagnaður varð á rekstri Félagssjóðs, Styrktar- og sjúkrasjóðs, Fræðslusjóðs og Vinnudeilu og verkbanssjóðs, en rekstrartap var á rekstri Orlofssjóðs. Heildareignir félagsins nema 3.378 millj. kr. og hækka um 526 millj. kr. milli ára. Félagið er með stóran hluta eigna sinna í fjárvörslu og eigna-stýringu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum eða alls um 1.064 millj. kr. Skuldir félagsins í árslok nema 613,4 millj. kr., þar af eru um 334,8 m.kr. vegna yfirdráttar hjá viðskiptabanka félagsins. Eigið fé félagsins er 2.764 millj. kr. þann 31. desember 2025 samanborið við 2.691 millj. kr. í árslok 2024.

Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu um 9,5% frá árinu 2024 en höfðu hækkað um 2,8% milli árána 2024 og 2023. Rekstrartekjur hækka um 17,7% milli ára. Greiddar bætur og styrkir hækka um 13,7% milli ára, eða um 74,2 millj. kr. Hlutfall launakostnaðar af tekjum án söluhagnaðar nemur 16,6% en var 19,3% árið áður. Hlutfall almenns rekstrarkostnaðar af tekjum er 13,9% samanborið við 16% árið 2024. Rekstrargjöld orlofshúsa hækka um 29,3% milli ára, en leigutekjur orlofshúsa hækka um 2,5% á milli ára. Á árinu var rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 47,7 millj. kr. samanborið við 21,1 millj. kr. rekstrartap á árinu 2024.

Samkvæmt reglugerð Vinnudeilusjóðs skal höfuðstóll sjóðsins ekki fara undir 300 millj. kr. að raunvirði m.v. launavísitölu í apríl 2017. Það samsvarar 570,2 millj. kr. á verðlagi í árslok 2025.

Neikvæðraunávöxtunársinsá fjármunum félagsins varítaktviðal-mennaávöxtunámarkaðiásambærilegumverðbréfumeðaneikvæð-umo,24-1,1%.Bókfærðurrhagnaðurafverðbréfasafnierenum28,7millj.kr.áárinu2025enáárinu-2024varbókfærðurrhagnaðurum73,6millj.kr.

Fasteignir félagsins eru að Stórhöfða 29-31 í Reykjavík þar sem félagið er með aðalstarfsstöð sína og eignarhlutur í Skipagötu 14 á Akureyri ásamt öðrum stéttarfélögum en þar getur félagsfólk leigt og greitt fyrir orlofshús og íbúðir og fengið aðstoð við að skila inn umsóknum í sjóði félagsins.

Á árinu fjárfesti félagið ásamt öðrum félögum innan Fagfélaganna í tveimur stigagöngum í blokk við Eirhöfða. VM á þar 11 íbúðir, þremur af þeim var úthlutað í lagtíma leigu til félagsmann en sjö íbúðir verða orlofsíbúðir. Íbúðirnar við Mánatún verða seldar og er nú þegar búið að selja tvær. Félagið mun því eiga 7 orlofsíbúðir í Reykjavík og 4 íbúðir á Akureyri. Af þessum 11 íbúðum eru 2 sjúkraíbúðir, ein í Reykjavík og ein á Akureyri og eru þær ekki í hefðbundinni leigu. Félagið á líka og rekur 34 orlofshús og glæsilegt tjaldsvæði á Laugarvatni með 60 stæðum.

Reikningar VM eru endurskoðaðir af Deloitte og verða lagðir fram á aðalfundinum 22. apríl 2026.

Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu um 9,5% frá árinu 2024 en höfðu hækkað um 2,8% milli árána 2024 og 2023.

65

Útskrifaðir sveinar í
málmiðngreinum voru 65
árið 2025.

16,6%

Hlutfall launakostnaðar af tekjum
án söluhagnaðar nemur 16,6%

4.000

Félagsfólk VM telur rétt tæplega 4.000 manns.

2.764.000.00

Eigið fé VM er 2.764 milljónir kr. þann 31. desember 2025 samanborið við 2.691 milljónir kr. í árslok 2024.

2033

Samningur vélstjóra gildir til 31. desember 2033.

406

Alls voru veittir 406 styrkir úr
fræðslusjóði árið 2025.

20%

Um 20% svarhlutfall var í
kjarakönnun félagsins árið 2025.

72%

72% félagsfólks samþykkti
kjarasamningana í
atkvæðagreiðslu.

159

Haldið var 159 staðbundin
námskeið á vegum Iðunnar
árið 2025.



Stjórn og varastjórn

Stjórn VM skipa frá aðalfundi 2024 til aðalfundar 2026:

Guðmundur Helgi Þórarinnsson, *formaður*
Sigurður Gunnar Benediktsson, *varaformaður*

Aðalmenn:

Einar Sveinn Kristjánsson
Gunnar Sigurðsson
Pétur Freyr Jónsson
Kristmundur Skarphéðinsson
Helgi Már Sigurgeirsson
Ingi Bogi Hrafnsson
Tinna Magnúsdóttir

Varamenn:

Einar Óskar Friðfinnsson
Valbjörn Jón Höskuldsson
Arnar Sigurðsson
Snævar Örn Jónsson
Sigurður Jóhann Erlingsson
Brynjólfur Árnason
Páll Heiðar Aadnegard
Hafðís Svanberg Dagnýjardóttir

Starfsfólk VM

Guðmundur Helgi Þórarinsson	Formaður
Halldór Arnar Guðmundsson	Kjara- og menntasvið
Áslaug R. Stefánsdóttir	Skrifstofustjóri og fulltrúi fræðslusjóðs
Helgi S. Jóhannsson	Móttaka og símsvörun á Akureyri

Lögmenn Jónas Þór slf.

Jónas Þór Jónasson	Hæstaréttarlögmaður
Sigrún Ísleifsdóttir	Héraðsdómslögmaður

Stjórn Fagfélaganna

Jakob Tryggvason, formaður RSÍ	Formaður RSÍ
Guðmundur Helgi Þórarinsson	Formaður VM
Óskar Hafnfjörð Gunnarsson	Formaður Matvís

Starfsfólk 2F

Kjarasvið

Benóný Harðarson	Framkvæmdarstjóri Fagfélaganna
Agnes Olejarz	Sérfræðingur á kjarasviði
Björn Eysteinnsson	Sérfræðingur á kjarasviði
Ástrós Brynjarsdóttir	Iögfræðingur
Ari Thorlacius	Í leyfi/Sérfræðingur á kjarasviði
Mirabela Blaga	Fulltrúi vinnustaðaeftirlits
Adam Kári Helgason	Fulltrúi vinnustaðaeftirlits

Rekstarsvið

Pálmi Finnbogason	Forstöðumaður rekstarsviðs
Erla Sigríður Erlingsdóttir	Umsjón með sjúkrasjóðum
Lilja Sæmundsdóttir	Umsjón með sjúkrasjóðum
Hlín Guðjónsdóttir	Fulltrúi VIRK
Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir	Fulltrúi VIRK
Unnur B. Árnadóttir	Fulltrúi VIRK
Helga Björg Steingrimsdóttir	Innheimta félagsgjalda
Elín Sigurðardóttir	Innheimta félagsgjalda og bókhald
Sigríður Karítas Kristjónudóttir	Móttaka
Aneta Konopelska	Móttaka
Þorsteinn Hilmarsson	Bókhald
Álfhildur Guðmundsdóttir	Bókhald
Guðni Gunnarsson	Umsjónamaður fasteigna, tæknimál ofl.
Guðjón Heiðar Sigurðsson	Umsjónarmaður orlofshúsa
Hrönn Magnúsdóttir	Hönnuður
Ingólfur Gujónsson	Umsjónarmaður orlofshúsa
Marta Kristjánsson	Matráður
Bjartmar Pálmason	Matreiðslumaður

Félagsgjöld

Félagsgjöld eru 0,8% af heildartekjum félagsfólks. Félagsgjöldin fóru úr tæplega 295 milljónum 2024 í 333 milljónir árið 2025.

Fjöldi launagreiðenda sem skiluðu iðgjöldum til félagsins árið 2025 voru 951 og er það aukning um 31 frá árinu 2024.


Fjöldi félagsmanna og skipting

Árið 2025 greiddu alls 3.757 einstaklingar félagsgjöld til VM sem er aukning um 490 frá árinu 2024.

Skráð félagsfólk, sem hætt er störfum vegna aldurs eða örorku, eru 865.

Atvinnulaust félagsfólk í desember 2025 voru 56 og er það fjölgun um 24 frá árinu 2024.


Skipting félagsmanna eftir störfum og svæðum árið 2025



Á þessari mynd má sjá hvernig félagsfólk okkar skiptist í störf á landi og á sjó.

Í landi starfa 86% en 12% eru á sjó.

Skipting félagsfólks eftir svæðum



■ Vesturland og Vestfirðir
 ■ Suðurland
 ■ Suðurnes
■ Austurland
 ■ Höfuðborgarsvæðið
 ■ Norðurland



Á meðfylgjandi mynd má sjá dreifingu félagsfólks VM yfir landið árið 2025.

Rúmlega 51% félagsfólks okkar býr á höfuðborgarsvæðinu.



Kannanir

Kjarakönnun á meðal félagfólks VM sem starfa í landi var lögð fyrir frá lok október til seinni hluta nóvember mánaðar. Varða, Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, sá um framkvæmd könnunarinnar sem tók til septemberlauna árið 2025. Könnunin var rafræn og hægt var að svara henni á íslensku, ensku og pólsku. Einungis var hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu.

Tölvupóstur með hlekk á könnunina ásamt upplýsingum um markmið hennar var sendur á úrtak sem náði til 1889 félaga í VM. Ítrekanir voru svo sendar með SMS. Alls tóku 380 félagar þátt í könnuninni, sem gerir um 20% svarhlutfall.

Kjarakannanir eru mikilvægt verkfæri félagsins til að móta kjarastefnu og einnig mjög mikilvægar upplýsingar fyrir félagfólks við mat á kjörum sínum samanborið við aðra.

Þátttaka í könnuninni hefur farið minnkandi undanfarin ár. Sá háttur að senda tölvupósta og sms skilaboð með slóð á könnunina virðist ekki ganga lengur, þar sem allskonar falspóstar með samskonar útfærslu hafa aukist mjög og gert fólk tortryggið gagnvart slíkum póstum. Félagið þarf því að finna aðra aðferð við framkvæmd könnunarinnar.

Meðaltímalaun safnsins mældust um kr. 5.200 en mældust kr. 4.901 í síðustu könnun sem þýðir um 6% hækkun milli ára.

Upplýsingar um heildargreiðslur eru vandmeðfarnar fyrir svo fjölbreyttan hóp sem hér um ræðir. Vinnufyrirkomulag og launakerfi eru mismunandi þar sem um er að ræða bæði dag- og vaktavinnufólk, auk þess sem launin eru ýmist pakkalaun eða samsett.

Undanfarin ár hefur verið spurt um þjónustu VM. Hér eru svör þeirra sem tóku afstöðu birt. Hefur þú nýtt þér einhverja þjónustu félagsins á síðustu 12 mánuðum?


Tölvupóstur með hlekk á könnunina ásamt upplýsingum um markmið hennar var sendur á úrtak sem náði til 1889 félaga í VM. Ítrekanir voru svo sendar með SMS. Alls tóku 380 félagar þátt í könnuninni, sem gerir um 20% svarhlutfall.

Könnun 2025 á ánægju með þjónustu VM

29,8% svarenda höfðu ekki nýtt sér þjónustu VM síðustu 12 mánuði

Þeir sem höfðu nýtt sér þjónustu VM voru spurðir nánar um hvaða þjónustu um væri að ræða:

Orlofshús, sjúkrasjóð, fræðslusjóð, upplýsingar um réttindi, aðstoð vegna launamála eða aðra þjónustu. Í töflunni er tegund þjónustu borin saman við ánægju eða óánægju með þjónustu VM



Orlofssjóður VM

Orlofssjóður VM rekur 34 orlofshús allt árið um kring og 37 yfir sumarið. Fjöldi félagsfólks er rétt tæplega 4.000. Framkvæmdum við 2 ný hús á Laugarvatni lauk og eru þau frábær viðbót við okkar svæði þar. Einnig var kláruð allsherjar yfirhaling á báðum húsum í Svignaskarði og þótti takast vel til þar.

Raðhúsum á Laugarvatni var lokað tímabundið að hluta vegna viðhalds og stefnt á þau verði öll komin í leigu fyrir sumarið, ekki er komin dagsetning hvenær þau verða opnuð aftur. Einnig hefur verið unnið að minniháttar viðhaldi og endurnýjun á húsbúnaði þar sem það var komið á tíma.

Félagið keypti 7 nýjar íbúðir á Eirhöfða í Reykjavík, þar keyptu fleiri stéttarfélög samtals 47 eignir í tveimur stigagöngum og þar teljum við að við getum náð mikilli hagræðingu í rekstri orlofseigna í Reykjavík. Allar þessar íbúðir voru komnar í leigu í byrjun árs 2026. síðasta sumar og hefur vakið mikla lukku hjá þeim sem það hafa leigt.

Félagið keypti 7 nýjar íbúðir á Eirhöfða í Reykjavík, þar keyptu fleiri stéttarfélög samtals 47 eignir í tveimur stigagöngum og þar teljum við að við getum náð mikilli hagræðingu í rekstri orlofseigna í Reykjavík. Allar þessar íbúðir voru komnar í leigu í byrjun árs 2026. síðasta sumar og hefur vakið mikla lukku hjá þeim sem það hafa leigt.





Félagið festi kaup á sjö nýjum íbúðum sem hluta af stærra samstarfi stéttarféлага um kaup á 47 eignum.

Húsbækur komnar í flest hús

VM hefur að undanförmu unnið að gerð húsbóka fyrir orlofshús félagsins. Þegar aðalfundur fer fram 2026 eru bækur komnar í flest hús félagsins. Stefnt er að því að þessari vinnu ljúki fyrir sumartímabil.

Í bókunum er farið yfir eiginleika hvers húss en ekki síður er þar að finna umfjöllun um afþreyingu, þjónustu og sögu hvers orlofssvæðis.



Fræðslusjóður VM

Við stofnun VM var lögð áhersla á að koma á fót öflugum fræðslusjóði sem veitt gæti félagsfólki rétt til umtalsverðra styrkja til að greiða niður námskostnað þeirra sem vilja sækja sér aukna þekkingu og færni. Allt félagsfólk, sem greitt hefur félagsgjald í 6 mánuði, á grunnstyrk að upphæð kr. 100.000. Að auki safnast kr. 50.000 á ári. Hámarksréttur er kr. 200.000. Grunnrétturinn, ásamt uppsöfnuðum rétti, gefur rétt til styrkja sem nema 60% af námskostnaði við tómsundanám og 75% af kostnaði við fagnám.

Það félagsfólk sem atvinnurekendur greiða sérstaklega af í fræðslusjóð VM, vegna ákvæða þar um í kjarasamningi eða samkvæmt persónubundnum samningi, eiga rétt á viðbótarstyrk. Miðað er við að greiðslur vinnuveitanda nemi 1,1% af heildarlaunum starfsmanns. Viðbótarstyrkurinn nemur kr. 67.000 á ári og geta réttihafar safnað rétti í allt að þrjú ár. Viðbótarstyrkurinn er sérstaklega ætlaður til fagnáms og starfsþróunar.

Árið 2025 voru greiddir 406 styrki úr fræðslusjóði félagsins, 352 styrkir vegna fagnáms samtals að upphæð kr. 20.118.035 og 54 vegna tómsundanáms samtals að upphæð kr. 1.667.034

Árið 2025 voru greiddir 406 styrki úr fræðslusjóði félagsins, 352 styrkir vegna fagnáms samtals að upphæð kr. 20.118.035 og 54 vegna tómsundanáms samtals að upphæð kr. 1.667.034



GREIÐSLUR ÚR FRÆÐSLUSJÓÐI 2025

	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEDALTAL
Aukin ökuréttindi	30	2.051.418	68.381
Endurmenntun bílstjóra	8	515.382	64.423
Framhaldsskóli	75	3.479.270	46.390
Háskólanám	60	4.977.557	82.959
Íslenska fyrir útlendinga	29	1.188.469	40.982
Starfstengt nám/námskeið	95	5.176.334	54.488
Tómsundanám/námskeið	54	1.667.034	30.871
Annað nám	55	2.729.605	49.629
Samtals:	406	21.785.069	53.658



Styrktar- og sjúkrasjóður VM

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm einstaklingum úr félaginu, þar af þremur sem kjörnir eru á aðalfundi.

Stjórn sjóðsins skipa frá aðalfundi 2024 til aðalfundar 2026: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Gunnar Sigurðsson, Reinhold Richter, Valbjörn Jón Höskuldsson og Kristmundur Skarphéðinsson (tilnefndur af stjórn).

Starfsmenn Fagfélaganna kanna ávallt rétt umsækjenda til bóta og sjá um útreikninga og greiðslur til félagsfólks, en fjármálastjóri og formaður fara mánaðarlega yfir greiðslur bóta og staðfesta réttmæti þeirra.

Á meðfylgjandi töflum á næstu opnu má sjá þróunina á greiðslu dagpeninga og styrkja úr sjóðnum á síðustu þremur árum. VM hvetur félagsfólk sitt eindregið til þess að nýta sér alla þá góðu styrki sem í boði eru hjá styrktar- og sjúkrasjóði VM. Sérstaklega má þar nefna forvarnarstyrki sem félagsfólk á kost á: áhættumat hjá Hjartavernd, ristilskoðun, blöðruhálskirtilsskoðun, krabbameinsskoðun og heyrnarmælingu.

GREIÐSLUR ÚR STYRKAR- OG SJÚKRASJÓÐI 2022-2023-2024

2023	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEÐALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	105	210.522.113	2.004.973
SJÚKRAPJÁLFUN	188	8.705.022	46.303
SJÓNGLER OG LINSUR	186	10.024.257	53.894
HEYRNARTÆKI	42	6.517.822	155.186
FRJÓSEMISMEDFERÐ	9	1.276.500	141.833
ÚTFARARSTYRKUR	30	7.500.000	250.000
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	451	17.839.525	39.555
LÆKNISÞJÓNUSTA	227	5.227.153	23.027
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	342	10.037.181	29.348
FÆÐINGARSTYRKUR	81	12.936.000	159.704
AÐRIR STYRKIR	208	5.969.742	28.701
SAMTALS :	1.869	296.555.315	158.671

2024	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEÐALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	109	231.396.567	2.122.904
SJÚKRAPJÁLFUN	200	8.692.660	43.463
SJÓNGLER OG LINSUR	184	9.763.564	53.063
HEYRNARTÆKI	41	6.408.019	156.293
FRJÓSEMISMEDFERÐ	6	785.000	130.833
ÚTFARARSTYRKUR	39	10.000.000	256.410
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	521	20.800.199	39.924
LÆKNISÞJÓNUSTA	221	4.439.586	20.089
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	355	10.409.350	29.322
FÆÐINGARSTYRKUR	72	11.242.000	156.139
AÐRIR STYRKIR	208	7.510.945	36.110
SAMTALS :	1.956	321.447.890	164.339

2025	FJÖLDI	UPPHÆÐ	MEÐALTAL
SJÚKRADAGPENINGAR TIL FÉLAGSMANNA	137	280.825.854	2.049.824
SJÚKRAPJÁLFUN	206	6.925.702	33.620
SJÓNGLER OG LINSUR	180	8.825.438	49.030
HEYRNARTÆKI	47	7.164.937	152.445
FRJÓSEMISMEDFERÐ	13	1.997.500	153.654
ÚTFARARSTYRKUR	23	8.670.000	376.957
LÍKAMSRÆKTARSTYRKUR	550	20.859.323	37.926
LÆKNISÞJÓNUSTA	271	4.141.307	15.282
TANNLÆKNAÞJÓNUSTA	411	11.266.544	27.413
FÆÐINGARSTYRKUR	86	13.244.000	154.000
AÐRIR STYRKIR	229	6.459.364	28.207
SAMTALS :	2.153	370.379.969	172.030

Kjarasvið Fagfélaganna

Á árinu 2025 var einkar annasamt á kjarasviði Fagfélaganna. Í fyrsta sinn í langan tíma eru nú allir kjarasamningar VM í gildi, en undir lok síðasta árs lauk samningaviðræðum við Hafrannsóknarstofnun – síðasta opna samningin sem eftir stóð. Þar með hefur náðst mikilvægur áfangi í samningsmálum félagsins.

Næsti kjarasamningur sem rennur út er samningur VM við Rio Tinto, sem gildir til 31. desember 2026. Þó má sjá að óveðursský eru á lofti á íslenskum vinnumarkaði. Há verðbólga og háir vextir setja mark sitt á efnahagslífið, og gætu leitt til þess að VM og félögin innan Fagfélaganna neyðist til að segja upp öllum kjarasamningum í haust. Það er ljóst að atvinnurekendur og stjórnvöld standa frammi fyrir áskorunum sem ógnar stöðugleika á næstu árum.

Kjaradeild Fagfélaganna hafði í mörg horn að líta á árinu 2025 og fékk rúmlega 500 mál til meðferðar. Auk þess sinnir deildin fjölda verkefna tengdum fræðslu, þjálfun og stuðningi við trúnaðarmenn, endurskoðun og uppfærslu kjarasamninga og ýmsum samskiptamálum.

Þrátt fyrir krefjandi umhverfi heldur kjarasviðinu áfram að vinna markvisst að því að tryggja félagsfólki réttlátt og traust starfsumhverfi – með samstöðu, fagmennsku og framtíðarsýn að leiðarljósi.

Næsti kjarasamningur sem rennur út er samningur VM við Rio Tinto, sem gildir til 31. desember 2026.



Vinnustaðaeftirlit

Vinnustaðaeftirlit náði til nær 2.500 manns árið 2025

Árið 2025 var unnið markvisst að eftirliti með kjörum og réttindum launafólks á vegum Vinnustaðaeftirlits Fagfélaganna og Eflingar. Alls voru farnar 317 heimsóknir á vinnustaði og rætt við 2.497 starfsmenn hjá 1.005 fyrirtækjum.

Sérstök áhersla var lögð á byggingariðnað, hótél og veitingastaði, ræstingaþjónustu, ferðaþjónustu, fiskvinnslu og garðyrkju. Eftirlitið fólst í vettvangsheimsóknnum og samtölum við starfsfólk en auk þess leggur eftirlitið áherslu á að fræða starfsfólk um réttindi þess og skyldur.

Fyrir árið 2026 er stefnt að áframhaldandi skipulögðu sumarátaki, að þessu sinni með sérstaka áherslu á byggingageirann, auk aukins reglubundins eftirlits í ræstinga- og garðyrkjugeira.

Sumarið var annasamasti tími ársins þegar sérstakt ferðaátak stóð yfir í samstarfi við lögreglu, Vinnueftirlitið og Skattinn. Í júní voru farnar 34 heimsóknir og 28 í júlí og ágúst. Yfir þessa þrjá sumarmánuði var rætt við 850 starfsmenn. Áhersla var meðal annars lögð á bílstjóra hópferðabifreiða, leiðsögumenn, bílaleigur og hótél og tengda þjónustu.

Í ferðaátakinu komu fram dæmi um skort á ráðningarsamningum, ófullnægjandi launaseðla og vöntun vinnustaðaskírteina. Einnig reyndust tungumála örðugleikar torvelða staðfestingu upplýsinga og starfsfólk var ekki alltaf meðvitað um kjarasamningsbundin réttindi sín. Átakinu fylgdi aukin fræðsla og leiðbeiningar af hálfu eftirlitsfulltrúa.

Haustið einkenndist af sérstakri áherslu á ræstingafyrirtæki og þar komu ítrekað upp áþekk brotamynstur, svo sem ófullnægjandi ráðningarsamningar, skortur á launaseðlum og svokallað jafnaðarkaup, sem er í trássi við kjarasamninga. Einnig komu upp tilvik þar sem orlofshlutfall var rangt og vinnustaðaskírteini voru ekki til staðar. Í desember lagði eftirlitið áherslu á fræðslu vegna desemberuppbótar, trúnaðarmannakerfið og rétt til félagsaðildar.

Greining ársins sýnir skýra árstíðabundna aukningu í ferðaþjónustu yfir sumarmánuðina og endurtekin brotamynstur í ræstinga- og þjónustugeira, þar sem óformleg ráðningarsambönd og skortur á skjölum eru algeng. Þá sýnir árið að samþætt eftirlit í samstarfi við aðrar stofnanir styrkir framkvæmd og eykur slagkraft eftirlitsins.

Fyrir árið 2026 er stefnt að áframhaldandi skipulögðu sumarátaki, að þessu sinni með sérstaka áherslu á byggingageirann, auk aukins reglubundins eftirlits í ræstinga- og garðyrkjugeira. Einnig verður lögð áhersla á markvissari eftirfylgni þar sem alvarleg frávik finnast og á fjöltyngda fræðslu til að styrkja þekkingu starfsfólks á réttindum sínum.

Ársskýrslan sýnir að vinnustaðaefirlit er lykilþáttur í að verja réttindi launafólks og stuðla að heilbrigðum vinnumarkaði, en jafnframt að áfram sé þörf á markvissri og samhæfðri vinnu.

Trúnaðarmenn félagsins

Félagslegir trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmenn og tengiliðir VM á vinnustöðum eru um 50 talsins.

Trúnaðarmenn gegna mikilvægu hlutverki. Þeir eru fulltrúar félagsins á vinnustað og talsmenn starfsmanna. Á vinnustað koma upp miserfið mál sem leysa þarf úr. Þá er mikilvægt að tengslin við félagið og fyrirtækin séu góð. Stöðugt er unnið að uppbyggingu trúnaðarmannakerfis félagsins með það að markmiði að auka tengingu félagsins út á vinnustaði.

Fræðsludagskrá Fagfélaganna

Fagfélögin hafa veturinn 2025/2026 staðið fyrir stóraukinni fræðsludagskrá. Námskeið um lífeyrismál (ýmist á fjarfundi eða á staðnum) hafa verið haldin en á þessi námskeið hefur verið fullt út úr dyrum undanfarin misseri. Sú nýbreytni var tekin upp í vetur að bjóða upp á lífeyrisnámskeið fyrir pólskumælandi félagsmenn. Það var vel sótt. Lífeyrisnámskeiðin eru haldin í samstarfi við fjármálaráðgjafann Björn Berg Gunnarsson.



Björn Berg hefur einnig kennt fjármálanámskeið á vegum Fagfélaganna sem eru fyrir fólk undir fertugu. Á síðasta námskeið voru um 50 félagsmenn skráðir. Áhuginn á þessum námskeiðum hefur farið vaxandi.

Fræðsla fyrir trúnaðarmenn hefur verið á sínum stað, bæði í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu en einnig í formi hádegisfyrirlestra á Stórhöfða. Fagfélögin buðu einnig á dögnum upp á aðstoð við skattaskýrsluskil. Sú aðstoð var vel nýtt.



Fræðslu- og menntamál VM

Hlutverk VM á sviði menntamála er að efla félagslega og faglega þekkingu félagsfólks og vinna að framgangi og þróun fagnáms þeirra. Fagnamið á að gefa sem mesta möguleika á vinnumarkaði

og til áframhaldandi náms, auk þess sem félagsfólk á að hafa aðgang að markvissri endurmenntun. Félagið vinnur að þessum markmiðum með því að reka öflugan fræðslusjóð og taka þátt í starfsemi aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og menntastofnana sem stuðlar að þróun fagnámsins og endurmenntunar. VM á fulltrúa í starfsgreinaráði málmætkni-, vélstjórnar- og framleiðslugreina og í stjórn Iðunnar fræðsluseturs.

Málefni starfsnáms hafa mikið verið í umræðunni undanfarin ár svo segja má að unnið sé að málefnum starfsnáms á mörgum sviðum. Starfsmenn VM taka þátt og fylgjast með þeim verkefnum sem unnið er að.

Nemar í vél- og málmætkni og netagerð

Tólf skólar á landinu bjóða nám í vélstjórn, málmíðnum og veiðarfæratækni.

Útskrifaðir nemar úr vél- og málmætkninámi.

Nokkuð er um að skólar keyri sameiginlegt grunnnám fyrir vélstjórnar- og málmætknibrautir og bifvélavirkjun.



Útskrifaðir nemar úr vél- og málmætkninámi

Nám	Árið 2025	Árið 2024	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021
Smáskípa vélavarnarnám	-	14	-	-	-
Vélavarnarnám	34	27	23	24	-
Vélstjórn A-nám	20	16	14	13	14
Vélstjórn B-nám	130	16	15	11	15
Vélstjórn C-nám	51	1	7	6	6
Vélstjórn D nám	59	37	39	44	14
Grunndeild málmíðna	165	10	9	-	-
Rennismiði	9	6	13	14	3
Stálsmiði	28	11	14	16	10
Vélvirkjun	69	35	58	53	51
Veiðarfæratækni	0	2	-	-	2
Blikksmiði	9	11	7	6	6
Málmsuða	0	0	2	4	-
Samtals	574	186	201	191	121

Skráðir nemendur á vorönn

Nemendur á vélstjórnarbrautum eru skráðir á viðkomandi brautir og mismunandi er hve langt þeir eru komnir.

Nám	Árið 2026	Árið 2025	Árið 2024	Árið 2023	Árið 2022
Smáskípavélavarnám	-	14	-	-	-
Vélavarnám	25	14	-	-	-
Vélstjórn A-nám	21	28	26	20	22
Vélstjórn B-nám	150	130	123	122	79
Vélstjórn C-nám	44	42	54	51	21
Vélstjórn D-nám	105	112	96	86	8
Grunndeild málmíðna	104	111	106	125	134
Rennismíði	15	21	19	27	34
Stálsmíði	81	79	52	50	37
Vélvirkjun	252	259	191	204	119
Veifarfaratækni	-	-	-	-	17
Blikksmíði	37	22	20	17	22
Málmsuða	-	-	-	-	-
Samtals	834	832	687	702	493

Útskrifaðir sveinar í málmteknigreinum og netagerð

Iðan fræðslusetur annast móttöku gagna og skráningu námssamninga og sveinsprófa fyrir málmíðngreinar og veifarfaratækni auk margra annarra löggiltra iðngreina. Fræðslusetrið annast einnig ýmsa þjónustu fyrir sveinsprófsnefndir og nemaleyfisnefndir. Alls útskrifuðust 65 sveinar í málmíðngreinum og veifarfaratækni á árinu 2025 og skiptast eftir iðngreinum sem hér segir:

Iðngrein	Árið 2025	Árið 2024	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2021
Blikksmíði	3	8	8	11	8	4
Veifarfaratækni	-	4	1	5	-	-
Rennismíði	2	6	7	5	4	2
Stálsmíði	9	13	14	6	13	13
Vélvirkjun	51	66	77	101	79	79
Samtals	65	97	107	128	104	98





Fræðsla og þjónusta fyrir fagfólk í iðnaði

FAGMENNSKA - VIRÐING - FRAMSÆKNI

Iðan fræðslusetur

Iðan er fræðslumiðstöð fyrir starfsfólk og fyrirtæki í iðnaði. Félagar í VM eru jafnframt félagar í Iðunni. Hlutverk fræðslusetursins er að þróa og bæta hæfni fyrirtækja og starfsfólks í iðnaði.



Málm- og véltækni svið Iðunnar þjónustar véltækni og málmiðnaðinn.

Auk hefðbundins námskeiðahalds hafa fyrirtæki í auknum mæli leitað til Iðunnar með óskir um þjálfun á ákveðnum sviðum. Einnig er töluvert um að starfsmenn sviðsins veiti ráðgjöf og aðra aðstoð, sérstaklega varðandi suðumál, bæði í gegnum síma og með heimsókn í fyrirtæki.

Til að bregðast við nýjum kröfum um fyrirkomulag fræðslu, þar sem óskir er nálgast þær upplýsingar sem leitað er eftir þegar það hentar og vantar, hefur framboð af fjarnámskeiðum og ýmiskonar fræðslu, t.d. með stuttum myndböndum, verið aukið.

Námsframboð Iðunnar á að vera í stöðugri þróun og í takt við þarfir starfsfólks og fyrirtækja í iðnaði.

Svo Iðan geti sem best þjónað tilgangi sínum þarf fræðslumiðstöðin sem mestar og bestar upplýsingar um fræðsluþarfir starfsfólks og fyrirtækja í iðnaði.

Á heimasíðu Iðunnar (www.idan.is) er krækja „[Við viljum heyra frá þér]“. Þar er hægt að setja inn m.a. hugmynd að fræðslu/námskeiði eða hvort fyrirtækið vilji heimsókn frá starfsfólki Iðunnar.

Félagsfólk VM er hvatt til að nýta sér þetta til að koma á framfæri fræðsluóskum sínum.

Árið 2025 hélt Málm- og véltækni svið Iðunnar samtals 159 staðbundin námskeið með 974 þátttakendum, auk ýmissa fræðsluathurða um málmsuðu og loftræstingar. Helstu námskeiðin voru á sviði málmsuðu, þrívíddarprentunar, um legur, ýmis öryggisfræðslunámskeið ásamt námskeiði um alþjóðleg vottun í viðhaldsstjórnun, haldið í samstarfi við Eigna- og viðhaldsstjórnunarfélag Íslands

Til að bregðast við nýjum kröfum um fyrirkomulag fræðslu, þar sem óskir er nálgast þær upplýsingar sem leitað er eftir þegar það hentar og vantar, hefur framboð af fjarnámskeiðum og ýmiskonar fræðslu, t.d. með stuttum myndböndum, verið aukið.



Námskeið fyrir trúnaðarmenn

Vel heppnuð trúnaðarmannaráðstefna á Selfossi

Trúnaðarmannaráðstefna Fagfélaganna fór fram á Selfossi 13.–14. nóvember og var haldin í samstarfi RSÍ, MATVÍS, VM og Flugfreyjufélags Íslands, sem tók þátt í fyrsta sinn. Ráðstefnan var vel sótt og einkenndist af góðri umræðu og samvinnu trúnaðarmanna úr ólíkum starfsgreinum.

Berglind Kristófersdóttir formaður Flugfreyjufélags Íslands setti ráðstefnuna og lagði áherslu á mikilvægi hlutverks trúnaðarmanna innan verkalýðshreyfingarinnar. „Þeir eru tengiliðir stéttarféлага við vinnumarkaðinn og bæði skjól og rödd þeirra sem þurfa á stuðningi að halda. Það að vera trúnaðarmaður getur verið krefjandi hlutverk, sem oft er vanmetið. Í síbreytilegu samfélagi, þar sem vinnumarkaðurinn tekur stöðugum breytingum, er hlutverk trúnaðarmanna jafnvel enn mikilvægara en áður. Þeir fylgjast með því að samningar standi, að réttindi séu virt og að mannlegu gildin gleymist ekki í önnum hversdagsins,“ sagði Berglind.





Benóný Harðarson framkvæmdastjóri Fagfélaganna fór yfir stöðu og helstu verkefni félanna og ræddi mikilvægi sterkra stéttarféлага á tímum þar sem víða hefur verið gengið á réttindi launafólks. Jóhanna Bárðardóttir fjallaði um Kvennaár 2025 og þróun réttindabaráttu kvenna, en Elísabet Sveinsdóttir frá Mental ráðgjöf hélt erindi um geðheilbrigði á vinnustöðum og áskoranir sem trúnaðarmenn mæta í þeim efnun.

Á föstudeginum kynnti Benóný einnig Tótal-kerfið, nýtt félaga- og orlofshúsakerfi Fagfélaganna. Þá fjallaði Agnes Olejarz um stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði. Í einni málstofu var fjallað um kjarakönnun RSÍ, þar sem trúnaðarmenn ræddu þróun kjaramála og stöðu mismunandi atvinnugreina.

Auk þess flutti Lilja Lind Pálsdóttir erindi um lífeyriskerfið og breytingar hjá TR, Róbert frá ASÍ fór yfir efnahagsmál og horfur á vinnumarkaði og Ágúst Arnórsson fjallaði um launaþróun innan Fagfélaganna.

Ráðstefnan þótti vel heppnuð og gaf trúnaðarmönnum tækifæri til að bera saman bækur sínar, ræða sameiginlegar áskoranir og styrkja samvinnu milli félaganna.

Auk þess flutti Lilja Lind Pálsdóttir erindi um lífeyriskerfið og breytingar hjá TR, Róbert frá ASÍ fór yfir efnahagsmál og horfur á vinnumarkaði og Ágúst Arnórsson fjallaði um launaþróun innan Fagfélaganna.

Akkur

Árið 2024 skilaði neikvæðri ávöxtun sem olli því að ekki var hægt að úthluta styrkjum árið 2025

Stjórn Akks frá aðalfundi VM 2024 til aðalfundar VM 2027 skipa: Ólafur Grétar Kristjánsson formaður, Steingrímur Haraldsson og Einar Hilmarsson. Varamenn í stjórn Akks eru Jón Jóhannsson, Andrés Bjarnason og Halldór Arnar Guðmundsson

- 16. apríl** Aðalfundur VM
- 1.mái** Baráttudagur verkalýðsins haldinn hátíðlegur
- 28. maí** Tímarit VM kemur út
- 1. júní** Neistinn afhentur Atla Má Gunnarssyni yfirvélstjóra
- 1. júní** Sjómenn heiðraðir á sjómannadaginn
- 6. júní** Golfmót iðnfélaga
- 15. júlí** Ferð eldri félaga til Vestmannaeyja
- 19. ágúst** Fulltrúaráð VM
- 21. ágúst** Kaffi eldri félaga á Akureyri
- 9-13 september** Euroskills í Danmörku
- 10. september** Fyrsta Kaffiboð eldri félaga Fagfélaganna
- 8. október** Annað kaffiboð eldri félaga
- 24. október** Kvennaverkfall
- 11. nóvember** Námskeið um lífeyrismál og starfslok
- 12. nóvember** Sjóðfélagafundur Gildis
- 12. nóvember** Þriðja kaffiboð eldri félaga
- 13.-14. Nóvember** Trúnaðarmannaráðstefna á Selfossi
- 18. nóvember** Afhending sveinsbréfa Hilton Nordica
- 20. nóvember** Vélvirkjar fá sveinsbréf
- 27. nóvember** Námskeið, Persónuleg fjármál – fyrir 40 ára og yngri
- 27.-28. nóvember** Fundur IndustriAll Europe í Brussel
- 9. desember** Fyrstu tvær orlofsíbúðirnar á Eirhöfða teknar í notkun
- 10. desember** Fjórða kaffiboð eldri félaga
- 11. desember** Tímarit VM gefið út
- 26. desember** Félagsfundur formanns með sjómönnum á Ísafirði
- 27. desember** Félagsfundir formanns með sjómönnum á Reyðarfirði og Akureyri
- 28. desember** Félagsfundur formanns með sjómönnum á Höfn Hornafirði
- 29. desember** Félagsfundur formanns með sjómönnum í Vestmannaeyjum
- 30. desember** Félagsfundur formanns með sjómönnum í Reykjavík, stað og fjarfundur.
- 27. janúar** Opnað fyrir páskaúthlutun
- 14. janúar** Fimmta kaffiboð eldri félaga Fagfélaganna
- 11. febrúar** Sjötta kaffiboð eldri félaga Fagfélaganna
- 2. mars** Opnað fyrir umsóknir um sumarúthlutu
- 9. mars** Fagfélögin aðstoða félaga við skattframtalsgerð
- 11. mars** Sjöunda kaffiboð eldri félaga Fagfélaganna
- 22. apríl** Aðalfundur VM

Viðburðadagatal 2025 - 2026





Skrúfudagurinn, árlegur kynningardagur nemenda í Véltækni- og Skipstjórnarskóla Tækniskólans, fór fram laugar daginn 29. mars 2025 í húsnæði skólans við Háteigsveg. Gestir og gangandi á öllum aldri komu við og kynntu sér fjölbreytta og spennandi starfsemi skólans.







Fagfélögin og Kvennaár 2025

Fagfélögin tóku virkan þátt í “Kvennaári 2025” en viðburðir voru haldnir um allt land í tilefni þess að 50 ár voru á árinu liðin frá því konur lögðu niður störf til að vekja athygli á og berjast fyrir kjörum sínum. Hápunktur Kvennaárs 2025 var þegar konur lögðu niður störf 24. október, nákvæmlega 50 árum eftir viðburðinn stóra 1975. Í kynningu vegna viðburðarins sagði:

„50 árum síðar og baráttunni er ekki lokið. Tilkynningum um ofbeldi fjölgar, launamunur kynjanna eykst og það er misrétti í verkaskiptingu heima fyrir. Jafnrétti er ekki í auglýsni. Nú förum við í Kvennaverfall. Við mætum og fáum innblástur frá konunum og kvárunum sem ruddu brautina. Göngum saman í gegnum áfanga í baráttusögu kvenna og kvára — og tökum svo höndum saman á útifundi á Arnarhóli í Reykjavík eða okkar heimabyggð. Við ætlum að breyta samfélaginu saman. Fyrir okkur, fyrir konur og kvár, fyrir framtíðina. Ekkert fær okkur stöðvað. Dagskráin verður tvíþætt; fyrri hlutinn er söguganga um áfanga í kvennabaráttunni og sá seinni er útifundur við Arnarhól.“



Euroskills

Ísland komst á pall á Euroskills

Ísland sendi 13 keppendur til leiks á EuroSkills 2025, Evrópumóti iðn- og verkgreina, sem haldið var í Herning í Danmörku 9.–13. september. Keppendur Íslands voru fleiri en nokkru sinni en Sigfús Björgvin Hilmarsson keppti þar í málmsuðu.

Gunnar Guðmundsson keppti í iðnaðarrafmagni og vann til bronsverðlauna á mótinu en auk þess hlutu Andrés Björgvinsson í matreiðslu og Daniel Francisco Ferreira í húsarafmagni Medal of excellence fyrir framúrskarandi árangur.

Að keppni lokinni bauð Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, hópnum til móttöku á Bessastöðum 15. september og sagði meðal annars: „Ég hef lengi haft mikinn áhuga, virðingu og þakklæti til þeirra sem stunda verk- og iðnnám og held að vegur þess þurfi að vera enn meiri í okkar samfélagi.“ Forseti afhenti keppendum, expertum og liðsstjóra viðurkenningarskjöl og veitti þeim sem sköruðu fram úr verðlaun.



Sigfús Björgvin Hilmarsson keppti í málmsuðu á EuroSkills. Á myndinni er hann ásamt forseta Íslands, Höllu Tómasdóttur.





Félagslíf

Kaffi eldri félaga

Kaffi Fagfélaganna fyrir eldri félaga hefur líkt og síðasta vetur verið haldið annan miðvikudag í mánuði frá september til mars. Um er að ræða annan veturinn þar sem þessi venja er viðhöfð. FIT hefur tekið þátt í kaffiboðinu og Byggið eftir atvikum. Kaffiboðin hafa heilt yfir verið afar vel sótt.

Sú nýjung var tekin upp í vetur að bjóða félagsfólki á Norðurlandi í kaffiboð á Hótel KEA. Slíkt hefur verið gert í tvígang í vetur. Formaður félagsins fór norður í kaffi boðið 17. febrúar síðastliðinn, þar sem vel var mætt. Í þessum kaffiboðum gefst fólki úr ólíkum iðngreinum, fólk sem margt þekktist frá fyrri tíð, tækifæri á að hittast og spjalla.

Ferð eldri félaga VM

„Ferðalag er ákveðin fjárfesting“

Eldri félagar VM fóru í frábæra dagsferð til Vestmannaeyja í sumar, þá síðustu í formannstíð Guðmundar Helga Þórarinssonar. Emil Örn Kristjánsson skipulagði og leiddi ferðina, eins og honum einum er lagið.

Formaður félagsins fór norður í kaffi boðið 17. febrúar síðastliðinn, þar sem vel var mætt. Í þessum kaffiboðum gefst fólki úr ólíkum iðngreinum, fólk sem margt þekktist frá fyrri tíð, tækifæri á að hittast og spjalla.






„Jafnvel þótt ég fari að huga að því að hætta þá þykir mér svo vænt um þennan hóp að ég gæti alveg hugsað mér að fara áfram í ferðir með VM,“ segir Emil Örn Kristjánsson fararstjóri.

Á áttunda tug eldri félagsmanna VM fóru í frábæra dagsferð á vegum félagsins til Vestmannaeyja þann 15. júlí. Eftir rútuferð frá Reykjavík og siglingu með Herjólfí var hádegisverður snæddur á veitingastaðnum Einsa Kalda.

Eftir matinn fór hópurinn í skoðunarferð um Heimaey, undir dyggri leiðsögn Emils Arnar fararstjóra, sem fylgt hefur félagsmönnum VM í ferðum sem þessum um árabíl. Hann var sem fyrir uppfullur af fróðleik um flest það sem fyrir augu bar.

Eldheimar voru heimsóttir áður en ferðalöngunum gafst færi á að skoða sig um í miðbænum í sannkölluðu blíðskaparveðri. Að svo búnu var haldið heim á leið.



Kemur með sem óbreyttur eldri borgari

Á Hvolsvelli, á bakaleiðinni, nýtti Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður VM tækifærið og ávarpaði hópinn. „Það skemmtilegasta sem ég geri í vinnunni er að fara í þessar ferðir með ykkur,“ sagði hann og bætti við að þetta væri í síðasta skipti sem hann færi með sem formaður félagsins. Hann ætlaði ekki að gefa kost á sér til formennsku áfram. „Ég mun ekki bjóða mig fram næsta vor en ég hef náð þeim aldri að hér eftir get ég farið að koma með sem farþegi. Takk kærlega fyrir daginn,“ sagði formaðurinn og hlaut hlátrasköll og dynjandi lófaklapp að launum.

Það voru sælir en þreyttir félagsmenn sem stigu út úr rútinum á Stórhöfða í Reykjavík um klukkan níu að kvöldi. Tólf tíma ferðalag var að baki.

Hefur fylgt VM í nærri tvo áratugi

VM nýtti tækifærið og ræddi við Emil í ferðinni en hann á að baki um 40 ára feril í bransanum. Hann telur að ferðirnar með VM spanni hátt í 20 ára tímabil. „Þetta er einu sinni á ári og



ég hlakka alltaf til. Hér sér maður sama fólkið koma ár eftir ár jafnvel þótt það verði alltaf einhver breyting á milli ára,“ segir hann.

Emil, sem varð 67 ára á árinu, starfar á ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar við skipulagningu ferða og leiðsögn. Hann segist fara að jafnaði á bilinu 20 til 30 ferðir með Íslendinga til útlanda á hverju ári; ferðir sem hann hefur skipulagt. Að ýmsu þarf að hyggja þegar slík ferð er sett saman, svo að ferðin gangi upp og tímaáætlanir standist. Hann leiðsegir einnig innanlands og þá líka íslenskum hópum.

Óhætt er að segja að Emil sé óþrjótandi fróðleiksbrunnur á ferðalögum, eins og eldri félögum VM er fullkunnugt um. Aðspurður segist Emil alltaf hafa með sér punkta þegar hann fer í leiðsögn, til að minna sig á frá hverju hann hyggist segja. En svo tali hann frá brjóstinu. Upplýsingarnar búi sum sé meira og minna allar í kollinum.

Var frekar lélegur kennari

Spurður hvað það sé við leiðsögumannastarfið sem honum líkar vel svarar hann um hæl: „Ætli það sé ekki bara athyglissýkin?“ Hann bætir við að hann hafi reynt fyrir sér sem kennari en það hafi ekki átt nógu vel við hann. „Ég var heldur lélegur kennari enda þoldi ég krakkana ekkert betur en þeir þoldu mig,“ segir hann og hlær. „Svo prófaði ég þetta starf og nú er svo komið að fólk borgar fyrir að fá að hlusta á mig.“

Að öllu gamni slepptu segist Emil hafa mjög gaman af þessu starfi; að skipuleggja ferðir og fara svo með fólkið. „Mér finnst skemmtilegast að vera með fólki. Ferðalag er ákveðin fjárfesting. Það er skemmtilegast þegar ég finn að fólk kemur ánæggt heim og finnst orlofsþeningunum sínum hafa verið vel verið. Þá er ég ánægður.“

„Ég var heldur lélegur kennari enda þoldi ég krakkana ekkert betur en þeir þoldu mig.“





Pátttaka VM í hátíðahöldum 1. maí

Að venju tók VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna þátt í hátíðarhöldunum á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks 1. maí. Að kröfugöngu lokinni buðu Fagfélögin í 1. maí-kaffi á Stórhöfða. Það var að venju afar vel sótt.

Karla Esperanza Barralaga Ocón starfskona í umönnun, trúnaðarmaður og stjórnarmaður í Eflingu og Jóhanna Bárðardóttir rafveituvirki, rafvirki og trúnaðarmaður RSÍ fluttu aðalræður dagsins á Ingólfstorgi í Reykjavík.



Starf VM innan beinnar aðildar og ASÍ

Félög með beina aðild að ASÍ sem eru utan landssambanda eru sex: Flugfreyjufélag Íslands, MATVÍS, Mjólkurfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag leiðsögumanna og VM – Félag vélstjóra og málmteknimanna og Efling.

Í miðstjórn ASÍ eru Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, formaður Matvís, Eyrún Björk Jóhannsdóttir, ritari FFÍ, og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

VM óskar Sigurbirni og Georg til hamingju með viðurkenninguna. Á vef VM má lesa þau ávörp sem flutt voru um okkar menn.

Sjómannadagurinn 2025 - viðurkenningar

Sjómannadagsráð heiðraði sex sjómenn við hátíðlega athöfnu í Hörpu á sjómannadaginn, 1. júní. Þar af voru tveir félagar VM, þeir Sigurbjörn Björnsson og Georg Magnússon.

Dagurinn hófst á minningarathöfn við Fossvogskirkju, þar sem sjómanna sem farist hafa við störf á sjó var minnst. Að þeirri athöfn lokinni var haldið í sjómannamessu í Dómkirkjunni. Síðar um daginn voru sjómenn heiðraðir við hátíðlega athöfn í Hörpu.

VM óskar Sigurbirni og Georg til hamingju með viðurkenninguna. Á vef VM má lesa þau ávörp sem flutt voru um okkar menn.

> Sjómannadagsráð



Sigurbjörn Björnsson.



Georg Magnússon.



Sjómannaáráð heiddaði sex sjómenn. Þar af voru tveir félagar VM, þeir Sigurbjörn Björnsson og Georg Magnússon.

Neistinn

Tryggingamiðstöðin hf. og VM – félag vélstjóra og málm-tæknimanna veittu í þrítugasta og annað sinn viðurkenningu fyrir fyrirmyndar yfirvélstjórastörf á sjómannaádag. Viðurkenninguna hlaut að þessu sinni Björn Oddgeirsson yfirvélstjóri á Tómasi Þorvaldssyni GK 10.

Björn er fæddur þann 11. desember 1964 í Keflavík. Foreldrar hans eru þau Oddgeir Björnsson og Fanney Sæmundsdóttir.

Björn lauk 4. stigi Vélskóla Íslands árið 1988 og sveinsprófi í vélvirkjun árið 1989.

Björn starfaði sem vélstjóri á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK 255, tímabilið frá 1990 til 2019, þar af sem yfirvélstjóri frá árinu 1999. Frá árinu 2019 hefur Björn verið yfirvélstjóri á Tómasi Þorvaldssyni.

Björn er kvæntur Sigrúnu Haraldsdóttir og á Björn með henni tvær dætur, þær Elfu og Bertu.

Neistinn var afhentur í Grindavík, þar sem Einar Hannes Harðarson, formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, afhenti viðurkenninguna



Björn Oddgeirsson yfirvélstjóri á Tómasi Þorvaldssyni GK 10.



Undanþágur vélstjóra 2025

Umsóknnum um undanþágur hefur fækkað flest undanfarin ár og tengist það eflaust fækkun skipa og þar með stöðugildum í skipaflotanum, en jafnframt hefur þessi fækkun leitt til þess að erfiðara er fyrir nýútskrifaða vélstjóra að safna siglingatímum.

Samkvæmt samantekt Samgöngustofu, bårust stofnuninni samtals 132 beiðnir um undanþágur fyrir vélstjóra árið 2025 og voru 128 þeirra samþykktar. Samsvarandi tölur fyrir árið 2024 eru að þá bårust 166 beiðnir og voru 154 þeirra samþykktar. Í skipaskrá eru skip flokkuð á notkunartegund s.s. fiskiskip og skuttogara, auk ýmissa gerða farþegaskipa og ýmissa annarra skipa. Þegar undanþágurnar eru flokkaðar eftir þessum notkunartegundum voru 54 (42%) undanþágur veittar vegna fiskiskipa og skuttogara og 57 (44%) undanþágur vegna farþegaskipa.

Úrskurðarnefnd um fiskverð

Úrskurðarnefnd um fiskverð fundar einu sinni í mánuði og tekur ákvörðun um verð á þeim fisktegundum sem kjarasamningur sjómanna kveður á um. Stéttarfélag hafa óskað eftir meira gagnsæi sem myndi auka sátt á milli sjómanna og útvegsmanna.

Sem liður í því hefur Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna og Verðlagsstofa komið á fót sérstökum vinnuhópi, með það að markmiði að auka skilvirkni og gagnsæi við afgreiðslu viðmiðunarverða. Í vinnunni felst meðal annars endurskoðun verðferla með hliðsjón af hráefnishlutföllum. Samhliða fer fram heildarsöfnun upplýsinga um hráefnisnýtingu hjá fiskvinnslum innan SFS, sem er nauðsynlegt til að framfylgja ákvæðum kjarasamnings sjómanna um skiptaverð í viðskiptum milli skyldra aðila.

Vinna starfshópsins stendur enn yfir.



Lífeyrissjóðir félagsfólks VM

VM á fulltrúa í fulltrúaráðum lífeyrissjóða félagsfólks. Flest félagsfólk okkar er í Birtu lífeyrissjóði og Gildi lífeyrissjóði, en hluti dreifist á marga lífeyrissjóði um allt land. Fulltrúafjöldi hvers stéttarfélags fer eftir vægi iðgjalda félagsfólks þess.

Birta lífeyrissjóður

- Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM tíu fulltrúa. Garðar Garðarsson er varamaður í stjórn fyrir VM. Þá situr Guðni Gunnarsson situr í stjórn fulltrúaráðs launamanna og á VM einn fulltrúa í valnefnd, Samúel Ingvason.

Gildi lífeyrissjóður

- Í fulltrúaráði sjóðsins hefur VM þrjá fulltrúa. Frá apríl 2024 hefur formaður félagsins, Guðmundur Helgi Þórarinsson setið í stjórn.

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

- Tveir fulltrúar VM sitja í fulltrúaráði sjóðsins. Örn Friðriksson situr í aðalstjórn sjóðsins fyrir VM.





Norræna vélstjórásambandið, NMF. Myndirnar voru teknar á fundi þess í Reykjavík sl. haust.

Norræna vélstjórásambandið (NMF)

Vélstjórafélögin í Danmörku, Svíþjóð og Noregi stofnuðu sambandið á fundi í Gautaborg í febrúar 1919. Finnsla vélstjórafélagið gekk í sambandið árið eftir. Árið 1981 gengu svo vélstjórufélögin í Færeyjum og á Íslandi í sambandið. Sambandið fundar tvisvar á ári, á vorin og haustin. Árið 2025 var fundað í Finnlandi, í apríl, og Svíþjóð í októbermánuði.



Fundir Norræna vélstjórásambandsins eru mjög fræðandi um málefni vélstjóra á Norðurlöndum og hafa fulltrúar Íslands sótt þangað mikilvægar upplýsingar, bæði á fundum ráðsins og í samskiptum við fulltrúa norrænu félaganna. Norska vélstjórufélagið heldur úti fulltrúa sem tekur mikinn þátt í vinnu alþjóðastofnana við þróun ýmissa alþjóðasamþykktu sem varða rekstur skipa og miðlar hann miklum upplýsingum um gang mála á þessum vettvangi.

Alþjóða Siglingamálastofnunin (IMO)

Alþjóða siglingamálastofnunin er undirstofnun sameinuðu þjóðanna. Hlutverk stofnunarinnar er að efla samstarf milli þjóða á sviði siglinga með því að þróa og viðhalda regluverki um siglingar. Regluverkið nær yfir öryggismál sjófarenda, umhverfismál, lagaleg úrlausnarefni, siglingavernd og hagkvæmni sjóflutninga. Regluverk stofnunarinnar skapar regluramma fyrir hagsmunaaðila

í siglingum, þær eiga að vera sanngjarnar og skilvirkar og vera lögfestar og framkvæmdar sem víðast. Með öðrum orðum er hlutverk IMO að skapa jöfn samkeppnisskilyrði svo að skipaútgerðir geti ekki tekið á fjárhagslegum vanda með því t.d. að skerða öryggi skipa, vernd þeirra og umhverfisáhrif af rekstri þeirra.

Stofnuninni var komið á fót með alþjóðasamningi í Genf árið 1948 en hún hóf ekki starfsemi fyrr en 1959. Upphaflegt hlutverk stofnunarinnar var að uppfæra SOLAS-samþykktina um öryggi á sjó frá 1914. Ísland gerðist aðili að stofnuninni árið 1960.

Þær alþjóðasamþykktir sem félagið horfir mest til, varða menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður áhafna skipa. Þetta eru samþykktirnar STCW sem varðar flutningaskip og STCW-F sem varðar fiskiskip. STCW samþykktin var síðast endurskoðuð árið 2010 og er nú unnið að endurskoðun hennar, þar sem horft er til nýrra orkugjafa, samskipta um borð og mengunarvarna. STCW-F samþykktin tók gildi árið 2012. Skömmu síðar var ákveðið að endurskoða samþykktina með það að markmiði að samræma hana STCW samþykktinni. Endurskoðuninni lauk í júlí 2025 og tekur hún gildi 1. janúar 2026. Ísland gerðist aðili að STCW samþykktinni árið 1995 og STCW-F samþykktinni árið 2002.

Hvað vélstjórnina varðar gilda samþykktirnar um skip með 750 kW framdrifsafli og meira. Námskrá vélstjórnarnámsins byggir þegar á hæfnikröfum sem settar eru í STCW samþykktinni. Nú þegar búið er að samræma samþykktirnar er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á skólanáminu. Útgáfa alþjóðlegra atvinnuskírteina skv. samþykktunum eru fyrir: undirvélstjóra á skip 750 kW og meira, yfir- og annan vélstjóra á skipum milli 750 og 3000 kW og yfir- og annan vélstjóra á skipum 3000 kW og meira.

STCW-F samþykktin tók gildi árið 2012. Skömmu síðar var ákveðið að endurskoða samþykktina með það að markmiði að samræma hana STCW samþykktinni.



IMO



Styrkir til hjálparsamtaka

Árið 2025 styrktu Fagfélögin hjálparsamtök fyrir jólin eins og undanfarin ár.

Að þessu sinni fékk Hjálparstofnun kirkjunnar 1.000.000 kr.

Virk – Starfsendurhæfingarsjóður

Ef þú ert félagsmaður VM og veltir fyrir þér hvort þú þarft á starfsendurhæfingu að halda er fyrsta skrefið að panta tíma hjá lækni og ræða við hann hvort starfsendurhæfing hjá VIRK sé raunhæfur kostur fyrir þig.

Í starfsendurhæfingu hjá VIRK eru ráðgjafar með þér í liði, hvetja þig og hjálpa þér að ná heilsu og ná þínum markmiðum.


Á árinu 2025 hófu 2.576 einstaklingar starfsendurhæfingu á vegum VIRK, 205 fleiri en árið áður sem er 8,6% fjölgun. Um metaðsókn að þjónustu VIRK er að ræða, aldrei hafa fleiri byrjað í starfsendurhæfingu hjá VIRK á einu ári.

2.095 þjónustupegar útskrifuðust frá VIRK á nýliðnu ári, 196 fleiri en árið 2024 eða 9,3%. 2.984 einstaklingar voru í þjónustu hjá VIRK um áramótin, 7,1% fleiri en um síðustu áramót.

Á árinu 2025 hófu 122 einstaklingar starfsendurhæfingu hjá ráðgjöfum á Stórhöfða. 113 þjónustupegar luku starfsendurhæfingu á árinu, 79% þeirra útskrifuðust með vinnugetu og fóru í vinnu, nám eða atvinnuleit. Alls hafa 2.532 einstaklingar hafið starfsendurhæfingu á Stórhöfðanum frá upphafi starfseminnar.

> VIRK

Fjöldi nýrra útskrifaðra þjónustupega í VIRK
á árunum 2015-2025



Ráðgjafar VIRK á Stórhöfða eru:
Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir
Unnur B Árnadóttir
Hlín Guðjónsdóttir

Hvað er starfsendurhæfing?

Starfsendurhæfing er þjónusta við fólk sem þarf stuðning við að komast út á vinnumarkað í kjölfar veikinda eða slysa. Hún á við þegar heilsubrestur hefur valdið fjarveru frá vinnu að hluta eða öllu leyti í lengri tíma og ekki útlit fyrir að einstaklingur komist af eigin rammleik aftur á vinnumarkað.

Starfsendurhæfing getur tekið við af annarri endurhæfingu sem einstaklingur hefur fengið í heilbrigðiskerfinu.

Hvert er hlutverk VIRK?

Hlutverk Virk er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Oftast er stefnt á fullt starf en ef um skerta starfsgetu er að ræða getur markmiðið verið að einstaklingur komist í hlutastarf. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings og því þarf að vera bæði vilji og geta til þess að taka þátt og sinna endurhæfingaráætlun eins og gert er ráð fyrir í þáttökusamningi.

Oftast er stefnt á fullt starf en ef um skerta starfsgetu er að ræða getur markmiðið verið að einstaklingur komist í hlutastarf.

Meginskilyrði fyrir þjónustu hjá VIRK eru eftirfarandi:

- Að viðkomandi geti ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests sem rekja má til veikinda eða slysa. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma vegna heilsubrests af andlegum eða líkamlegum toga.
- Að markmið einstaklings sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði, eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða má.
- Að geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

Auk þess er nauðsynlegt að:

- Einstaklingur sé fær um að axla ábyrgð á eigin lífi, geta tekið þátt í athöfnum daglegs lífs og sinnt nauðsynlegum þáttum starfsendurhæfingar.
- Einstaklingurinn hafi þörf fyrir þjónustuna og hún sé til þess fallin að auðvelda honum að fara aftur til vinnu.
- Þjónustan sé líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.
- Hafa samráð við viðeigandi aðila, s.s. lækni, meðferðaraðila og atvinnurekanda þegar við á.

Þjónusta Virk er til staðar á helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og er einstaklingum að mestu að kostnaðarlausu. Á vegum VIRK starfa fjölmargir sérhæfðir ráðgjafar. Þeir veita einstaklingum stuðning í gegnum starfsendurhæfingarferlið. Einnig er í vissum tilfellum fengin aðstoð atvinnulífstengla þegar þörf er á.

VIRK á í miklu og góðu samstarfi við fagfólk um allt land og leggur áherslu á að þjónustan sé fagleg og til þess fallin að auðvelda einstaklingum endurkomu á vinnumarkað. Úrræði standa nú í auknum mæli einnig til boða í fjarfundaformi, bæði viðtöl og námskeið.

Einstaklingar sem eru í vafa um hvort þeir þurfi á starfsendurhæfingu að halda [HPFH5] eru hvattir til að ræða við lækni eða umsjónarmann sjúkrasjóðs stéttarfélags.

Einstaklingar sem eru í vafa um hvort þeir þurfi á starfsendurhæfingu að halda [HPFH5] eru hvattir til að ræða við lækni eða umsjónarmann sjúkrasjóðs stéttarfélags. Einnig er hægt að snúa sér beint til VIRK ráðgjafa.

Á heimasíðu VIRK <https://www.virk.is/> eru greinargóðar upplýsingar og svör við algengustu spurningum ásamt stuttum myndböndum sem geta gefið góða mynd af því hvernig starfsendurhæfingarferill getur verið.

Á síðunni <https://www.velvirk.is/eru> svo aftur mjög góð hollráð og upplýsingar um það hvernig fólk getur stundað forvarnir og bætt heilsu sína á marga vegu því betra er heilt en vel gróið.

Starfsendurhæfing er mjög einstaklingsmiðuð og getur varað í mislangan tíma eftir atvikum en algengast er að ferillinn taki 6-12 mánuði.



Í einhverjum tilvikum getur einstaklingur þurft að skipta um starfsvettvang vegna heilsu-
brests. Vinna iðnaðarmanna er í mörgum tilfellum líkamlega erfið og ef ekki er hægt að sníða
vinnuna eftir færninni þarf oft að opna hugann og líta í aðrar áttir, finna nýjan starfsvettvang
og hefja nýjan starfsferil. Menntun verður þó aldrei tekin frá fólki og oft nýtist fyrri menntun á
nýjan hátt í öðru starfi. Það getur verið krefjandi að gangast við því að geta ekki lengur unnið
á sama hátt og áður en það getur opnað á alveg nýja möguleika. Stundum þarf nýja menntun en
stundum þarf bara að finna leiðir framhjá hindrunum og koma auga á möguleikana. Í einhverj-
um tilfellum þarf líka að horfast í augu við að vinnugetan er orðin skert þannig að færniskerðing
vegna sjúkdóma eða slysa getur gert fóki ókleift að sinna fyrra starfi.

Flestir vilja þó áfram taka virkan þátt í samfélaginu, finna að vinna þeirra skipti máli og þeir
séu hluti af teymi eða vinnustað.



Vinna iðnaðarmanna
er í mörgum tilfellum
líkamlega erfið og
ef ekki er hægt að
sníða vinnuna eftir
færninni þarf oft að
opna hugann og líta í
aðrar áttir, finna nýjan
starfsvettvang og
hefja nýjan starfsferil.
Menntun verður þó
aldrei tekin frá fólki
og oft nýtist fyrri
menntun á nýjan hátt í
öðru starfi.

Lykiltölur úr rekstri VM árið 2025 (birt með fyrirvara)

REKSTRARREIKNINGUR 2025

	VM alls	Félagssjóður	Orlofssjóður	Fræðslusjóður	Sjúkrasjóður	Vinnudeilu- og verkþ.sjóður
Rekstrartekjur						
Félagsgjöld og iðgjöld	839.552.753	333.174.966	104.344.253	21.232.136	380.801.398	
Aðrar tekjur	149.106.899	25.953.546	40.540.546		82.612.807	
	988.659.652	359.128.512	144.884.799	21.232.136	463.414.205	0
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	150.132.070	150.132.070				
Almennur rekstrarkostnaður	137.880.807	137.804.541		3.155	73.111	
Aðildargjöld til ASÍ	29.785.688	29.785.688				
Þóknun til (frá) öðrum sjóðum	0	(45.640.287)	10.434.425	(2.874.278)	38.080.140	
Bætur og styrkir	392.465.937			21.785.069	370.680.868	
Rekstur orlofshúsa og íbúða	184.253.237		184.253.237			
Afskriftir	46.456.475	24.563.126	19.376.060	745.141	1.772.148	
	940.974.214	296.645.138	214.063.722	19.659.087	410.606.267	0
Rekstrarhagnaður (-tap)	47.685.438	62.483.374	(69.178.923)	1.573.049	52.807.938	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	17.914.503	4.646.206	32.966	660.182	7.436.839	5.138.310
Lagt í Vinnudeilu- og verkþannssjó	0	(33.915.835)				33.915.835
Afkoma ársins	65.599.941	33.213.745	(69.145.957)	2.233.231	60.244.777	39.054.145

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2025

	VM alls	Félagssjóður	Orlofssjóður	Fræðslusjóður	Sjúkrasjóður	Vinnudeilu- og verkþ.sjóður
Eignir sjóða alls	4.882.743.659	1.971.863.393	1.335.697.598	99.141.888	905.870.325	570.170.455
<i>Krafa á aðra sjóði</i>	(1.505.037.446)			(72.316.788)	(862.550.203)	(570.170.455)
Eignir samtals	3.377.706.213	1.971.863.393	1.335.697.598	26.825.100	43.320.122	0
Eigið fé og skuldir						
Eigið fé						
Akkur, styktar- og menningarsjóður ..	255.297.847	255.297.847				
Minningarsjóður VM	4.987.982	4.987.982				
Óráðstafað eigið fé	2.503.973.487	1.181.608.534	(244.323.641)	98.042.498	898.475.641	570.170.455
Eigið fé samtals	2.764.259.316	1.441.894.363	(244.323.641)	98.042.498	898.475.641	570.170.455
Skuldir sjóða alls	2.118.484.343	529.969.030	1.580.021.239	1.099.390	7.394.684	
<i>Skuld við aðra sjóði</i>	(1.505.037.446)	(11.594.878)	(1.493.442.568)			
Skuldir samtals	613.446.897	518.374.152	86.578.671	1.099.390	7.394.684	0
Eigið fé og skuldir samtals	3.377.706.213					

3.757

Alls greiddu 3.757 einstaklingar
félagsgjöld árið 2025.

951

Fjöldi launagreiðenda sem
skiluðu iðgjöldum til félagsins
var 951 árið 2025.

21.000.000

Greiddir voru styrkir vegna fagnáms að upphæð rúmlega 20,1 milljón króna.

2.497

Rætt var við 2.497
starfsmenn í
vinnustaðaeftirliti.

34

Félagið rekur 34
orlofshús allt árið um kring
fyrir félagsfólk sitt.

86%

Um 86% félagsfólks starfar
í landi en aðeins 12% á sjó.

56

Atvinnulausir félagsmenn voru 56 í desember 2025,
sem er aukning frá fyrra ári.

